

Varnaraðiljar, Halldóra Guðjónsdóttir, Guðjón Guðjónsson, Lúðvík Guðjónsson, Albert Guðjónsson og Guðmundur Guðjónsson, greiði in solidum sóknaraðilja, Þórunni Guðjónsdóttur, kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 26. maí 1961.

Nr. 88/1961. Björn Guðmundsson f. h. Stuðlabergs h/f  
 gegn  
 Gísla J. Johnsen f. h. A/B Jönköping  
 Motorfabrik.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaður.

### Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. apríl 1961, sem Hæstarétti barst 6. maí s. á., hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði sjó- og verzlunardómsins og krefst þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum hæfilegan málskostnað fyrir héraðsdómi og svo kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar málskostnaðarákvæðisins og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Eftir málavöxtum þykir mega staðfesta úrlausn héraðsdóms um málskostnað.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 2000.00.

### Dómsorð:

Hið kærða málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Sóknaraðili, Björn Guðmundsson f. h. Stuðlabergs h/f, greiði varnaraðilja, Gísla J. Johnsen f. h. A/B Jön-

köpings Motorfabrik, kærumálskostnað, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 15. apríl 1961.**

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Gísli J. Johnsen stórkaupmaður, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur f. h. A/B Jönköping Motorfabrik, Jönköping, Svíþjóð, gegn Birni Guðmundssyni, Faxastíg 1, Vestmannaeyjum, til greiðslu á skuld, að fjárhæð sænskar kr. 10.000.45, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1956 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Einnig hefur stefnandi krafizt greiðslu yfirfærslugjalds, sem nemur 17% af höfuðstóli skuldarinnar, þ. e. sænskum kr. 10.000.45.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og ríflægs málskostnaðar úr hendi hans, en til vara, að hann verði sýknður og málskostnaður verði látinn falla niður.

Við munnlegan flutning málsins var sú breyting gerð á kröfugerð stefnanda, að hann beinir nú kröfum sínum gegn Birni Guðmundssyni f. h. Stuðlabergs h/f, Vestmannaeyjum. Af hálfu Björns Guðmundssonar f. h. Stuðlabergs h/f var þessi breyting á kröfugerð stefnanda samþykkt. Er þessi breyting á kröfugerð stefnanda komin til af því, að stefndi Björn hafi í viðskiptum þeim, sem hér um ræðir, komið fram fyrir hönd Stuðlabergs h/f.

Málavextir eru þessir:

Með símskeyti, dags. 6. desember 1955, pantaði stefndi Björn cylinder í vél hjá Gísla J. Johnsen. Hljóðaði skeyti þetta svo: „Aftari cylinder — Björn.“ Gísli J. Johnsen, sem er umboðsmaður A/B Jönköping Motorfabrik hér á landi, pantaði umræddan vélarhluta hjá verksmiðjunni. Var hlutur þessi sendur til landsins og mun hafa komizt til Vestmannaeyja í febrúarmánuði 1956. Lá hlutur þessi svo í Vestmannaeyjum, án þess að honum væri veitt viðtaka, og í desembermánuði 1957 var hann endursendur. Útibú Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum krafði stefnda Björn nokkrum sinnum um andvirði hlutarins, fjárhæð stefnukröfunnar í málinu, en án árangurs. Með bréfi, dags. 11. október 1957, krafði umboðsmaður stefnanda stefnda Björn um fjárhæð stefnukröfunnar ásamt vöxtum, yfirfærslugjaldi, bankakostnaði og innheimtulaunum. Í svari sínu taldi stefndi Björn sig hafa skýrt málið þannig fyrir stefnanda,

Gísla J. Johnsen, að til frekari aðgerða þyrfti ekki að koma. Samkvæmt því lagði hann til, að A/B Jönköping Motorfabrik tæki umræddan hlut aftur gegn því, að varnaraðili, Stuðlaberg h/f, greiddi kostnað, flutningskostnað og fleira, ef um endursendingu yrði að ræða. Í bréfi A/B Jönköping Motorfabrik til Gísla J. Johnsen, dags. hinn 17. marz 1958, kemur fram, að samkvæmt skoðun, sem skoðunarmaður Det Norske Veritas framkvæmdi á umræddum hlut, eftir að firmað hafði fengið hann endursendan, var innra borð hlutarins ryðgað. Taldi firmað, að nauðsynlegt væri að bora hann að nýju, en það myndi hafa það í för með sér, að hann yrði ekki seldur aftur nema fyrir mjög lágt verð. Óskaði firmað eftir því, að Gísli reyndi að fá stefnda til að greiða nokkurn hluta kostnaðar þess, sem firmað hafði haft af þessu.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að varnaraðili hafi pantað umræddan hlut, og hafi verið til þess ætlazt, að hann yrði greiddur beint til seljanda í sænskri mynt fyrir tilstuðlan og milligöngu Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum. Varnaraðili hafi verið krafinn um greiðslu hvað eftir annað, en án árangurs. Eftir að stefna hafi verið gefin út í málinu, hafi varnaraðili endursent vöruna til seljanda, þótt neitað hafi verið að taka hana aftur. Er því haldið fram í greinargerð af hálfu stefnanda, að er seljandi tók við hlutnum aftur, hafi hann verið skemmdur af ryði. Af öllu þessu hafi stefnandi orðið fyrir miklu tjóni, og er stefnanda áskilinn réttur til að framhalds-stefna út af því tjóni.

Varnaraðili styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi eigi engar kröfur á hendur Birni Guðmundssyni eða Stuðlabergi h/f. Hlutur sá, sem hér um ræðir, hafi verið pantaður sem vara-hlutur, og hafi það verið skilyrði fyrir viðskiptunum. Fullt samkomulag hafi verið við stefnanda um að endursenda hlutinn, án þess að nokkrar kröfur yrðu gerðar á hendur Birni Guðmundssyni eða Stuðlabergi h/f. Af varnaraðilja er því mótmælt, að umræddur hlutur hafi komið í ábyrgð Björns Guðmundssonar eða Stuðlabergs h/f. Jafnframt er því mótmælt, að hluturinn hafi verið skemmdur eða ryðgaður, er hann var endursendur frá Vestmannaeyjum. Er skoðunargerðinni, varðandi það atriði, sem lögð hefur verið fram í málinu, mótmælt sem rangri og varnaraðilja óviðkomandi. Varnaraðili hefur lagt fram í málinu yfirlýsingu Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum þess efnis, að innheimta sú, sem hér um ræðir, sænskar

kr. 10.000.45, hafi verið endursend A/B Jönköping Motorfabrik hinn 6. desember 1957. Þá hafi A/B Jönköping Motorfabrik óskað eftir því í bréfi, dags. 13. desember 1957, að bankinn hlutaðist til um endursendingu vörunnar, og hafi afgreiðsla Eimskipafélags Íslands h/f í Vestmannaeyjum endursent vöruna hinn 21. desember 1957.

Það er ljóst, enda viðurkennt, að af hálfu varnaraðilja var umræddur hlutur pantaður hjá Gísla J. Johnsen, umboðsmanni A/B Jönköping Motorfabrik hér á landi. Er algerlega ósannað, að pöntun þessi hafi verið háð nokkrum skilyrðum af hálfu varnaraðilja. Á hinn bóginn er fram komið, að hlutur þessi var endursendur að beiðni A/B Jönköping Motorfabrik, eftir að dráttur hafði orðið á, að varnaraðili veitti hlutnum móttöku í Vestmannaeyjum. Þykir stefnandi nú ekki getað kafið varnaraðilja um kaupverð hins selda hlutar, sbr. ákvæði 28. gr. laga nr. 39/1922. Þykir því bera að sýkna varnaraðilja af kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Jóhannesi Zoëga forstjóra og Jóhanni Ólafssyni forstjóra.

#### Dómsorð:

Varnaraðili, Björn Guðmundsson f.h. Stuðlabergs h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Gísla J. Johnsen f. h. A/B Jönköping Motorfabrik í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

---